

Lög Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

1.gr

Félagið heitir Hrossaræktarsamtök Suðurlands, skammstafað H.S. Starfssvæðið nær frá Lómagnúpi um Suðurland að Hvalfjarðarbotni. Félagið er aðili að Búnaðarsambandi Suðurlands, Félagi hrossabænda og Hrossaræktarsambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er að Austurvegi 1, Selfossi.

2.gr.

Félagið starfar samkvæmt búfjárræktarlögum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og samþykktum Bændasamtaka Íslands.

3.gr.

Félagar geta allir orðið sem eru búsettir á félagssvæðinu, stunda hrossarækt eða hafa áhuga á framgangi hrossaræktar. Félagið er deildarskipt. Lög deilda skulu borin upp til samþykktar á aðalfundi samtakanna. Inntökubeiðni nýrra deilda skal bera upp til samþykktar á aðalfundi. Brottvikning og úrsögn fer fyrir aðalfund. Félagar greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi ár hvert.

4. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a) Að vinna ötullega að ræktun íslenska hestsins með kynbótum, stóðhestahaldi og skýrslugerð í samvinnu við Bændasamtök Íslands.
- b) Að vinna í samvinnu við önnur félög og stofnanir að góðu uppeldi, aðbúnaði og tamningu hrossa.
- c) Að glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugri fræðslu og útbreiðslustarfi.
- d) Að vinna að sölumálum fyrir reiðhesta og kynbótahross innanlands og erlendis og hafa um það samvinnu við aðra aðila, með það að markmiði að skapa aukin verðmæti hrossaeigendum og þjóðinni til hagsældar.
- e) Að vinna að sölumálum fyrir hrossaafurðir, jafnt á innlendum sem erlendum mörkuðum, með það að markmiði að auka verðmæti afurðanna.
- f) Að vinna að öðrum hagsmunamálum hrossaræktenda eftir því sem tilefni gefast.

5.gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fulltrúar á aðalfundi með atkvæðisrétt eru formenn deilda sem eru sjálfkjörnir og að auki skal hver deild senda 1 fulltrúa fyrir 1-20 félagsmenn, 2 fulltrúa fyrir 21-40 félagsmenn o.s.frv. Formenn deilda skulu senda stjórn H.S. félagatal fyrir 1. mars. Allir félagsmenn hafa seturétt, tillögurétt og málfrelsi á aðalfundum. Aðalfund skal halda árlega og

eigi síðar en 15. apríl en heimilt er að halda að auka aðalfund þess utan ef þurfa þykir. Aðalfund skal boða á tryggilegan hátt með minnst 5 daga fyrirvara. Á aðalfundi gilda almenn fundarsköp. Á aðalfundi skal:

1. Flutt skýrsla stjórnar.
2. Afgreiða framlagða og skýrða endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Kjósa stjórn samkv. 6. gr. og fulltrúa á aðalfund þeirra félaga sem samtökin eru aðili að.
4. Taka ákvarðanir um önnur mál sem varða félagið.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn kosnir til þriggja ára. Skulu þeir kosnir þannig að formaður skal kosinn sérstaklega 3ja hvert ár og tveir meðstjórnendur hvert hinna áranna. Fullskipuð stjórn kýs sér varaformann úr sínum röðum og skiptir stjórn með sér verkum eftir samkomulagi. 3 varamenn í stjórn kýs aðalfundur árlega. Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga árlega og tvo til vara. Stjórn ræður málefnum félagsins á milli funda, hún hefur umsjón með fjárreiðum félagsins og ber ábyrgð á þeim. Einstakir stjórnar- og félagsmenn verða þó aldrei persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum samtakanna, nema þeir hafi farið út fyrir umboð sitt. Meirihluti atkvæða ræður innan stjórnarinnar sé ágreiningur um afgreiðslu mála.

7.gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir. Krefjist tveir stjórnarmenn fundar ber formanni að boða til hans. Stjórnarfund skal boða með þriggja daga fyrirvara sé þess kostur. Stjórn getur skipað starfsnefndir í einstaka málaflokka og / eða gert tillögu til aðalfundar um slíkt sé það talið henta. Boða skal til almenns félagsfundar ef 50 félagsmenn krefjast þess með undirskrift sinni. Almenna félagsfundir skal boða með sama hætti að aðalfundi.

8. gr.

Stjórn sendir fréttir af starfi samtakanna til félagsmanna eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

9.gr.

Tekjur félagsins skulu vera:

- a) Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.
- b) Framlög samkvæmt búfjárræktarlögum.
- c) Aðrar tekjur.

Framlögum til búfjárræktar samkvæmt lið b skal eingöngu ráðstafað til kynbótastarfs og hrossaræktar. Tekjur og gjöld vegna þessa skulu skýrt aðgreind í reikningum félagsins.

10.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Kjörnir skoðunarmenn framkvæma venjubundna árlega endurskoðun, kynna sér starfrækslu félagsins og gera grein fyrir starfi sínu á aðalfundi.

11.gr.

Lagabreytingar verða aðeins gerðar á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um breytingar á lögum skal kynna um leið og aðalfundur er boðaður.

12. gr.

Félagið hættir störfum ef það er samþykkt í formi lagabreytinga á aðalfundi. Eignir skulu þá afhentar Búnaðarsambandi Suðurlands sem varðveitir þær á tryggilegan hátt þar til sambærilegt félag hefur verið stofnað að mati stjórnar Búnaðarsambandsins og ganga þá eignirnar til hins nýja félags.

13. gr.

Lögin voru samþykkt á stofnfundi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands sem haldin var á Selfossi 22. september 1996.